

S I Ð A R E G L U R

stjórnar Atvinnumálasjóðs Fljótsdalshéraðs

1. gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir stjórnarmenn sýni af sér við störf sín fyrir hönd Atvinnumálasjóðs Fljótsdalshéraðs.

2. gr.

Gæsla almannahagsmuna

Kjörnir stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Atvinnumálasjóðs. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins, og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnslu.

3. gr.

Ábyrgð

Kjörnum stjórnarmönnum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á.

4. gr.

Háttvísi og valdmörk

Í störfum sínum skulu kjörnir stjórnarmenn koma fram af háttvísi. Stjórnarmönnum Atvinnumálasjóðs ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Fljótsdalshéraðs við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

5. gr.

Misbeiting valds

Kjörnir stjórnarmenn mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það.

6. gr.

Gjafir og fríðindi

Óheimilt er að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita til sjóðsins, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

7. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir stjórnarmenn skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn stjórnarmaður á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá stjórn, eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd Atvinnumálasjóðs, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans. Ef stjórnarmaður telur vafa leika á um hagsmunaárekstra í starfi sínu skal hann bera málið upp við aðra í stjórn sjóðsins.

8. gr.

Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum stjórnarmönnum ber að virða úthlutunarreglur Atvinnumálasjóðs og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á því almannafé íbúa sveitarfélagsins sem í Atvinnumálasjóði er.